

Ed.

176. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 17 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands hefir 1000 kr. á ári að eftirlaunum.

Hafi ráðherra flutst í ráðherraembættið úr öðru eftirlaunaembætti, þá nýtur hann og eftirlauna eftir hið fyrra embætti sitt.

Hafi ráðherra verið á eftirlaunum, er hann tók við ráðherraembættinu, þá nýtur hann og þeirra, nema svo sje, að hann hafi haft eftirlaun fyrir rekstur ráðherraembættis, því að þá fær hann ekki frekari eftirlaun en hann hafði.

Undanfarandi ákvæði eiga ekki við þá, sem unnið kunna að hafa sjer rjett að lögum til annarar eftirlaunaupphæðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað, og er 3. gr. laga nr. 17, 3. okt. 1903 jafnframt feld úr gildi.